

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Hildur Helga Gísladóttir, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson, Ingveldur Jónsdóttir, Tómas Ingi Torfason og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson. Í fjarbúnaði: Laufey Guðmundsdóttir, Vilmundur Gíslason, Ásdís Eva Hannesdóttir og Tryggvi Axelsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 18. janúar 2023.
2. Skattamálin—birt efni
3. Lýðræðishátíðin Fundur fólksins—Undirbúningur.
4. Ráðstefna um frjáls félagasamtök—þróun hugmynda.
5. Samfélagsleg nýsköpun—fundur með ráðherra.
6. Námskeið og fræðsla—bókhaldsnámskeið-fundur með Háskólanum í Reykjavík.
7. Aðalfundur—undirbúningur.
8. Könnun meðal aðildarfélaga
9. Önnur mál:
 - a) Sjálbærni ráð
 - b) Heimsmarkmiðin
 - c) Móttaka nýrra aðildarfélaga

1. Fundargerðin samþykkt.
2. Formaður sagði frá grein sem hann skrifaði á Vísí og kallar: Nokkrar spurningar til skattayfirvalda um skattlagningu og skráningu almannaheillasamtaka (birt 14. febrúar 2023). Þar segir hann m.a. að Almannaheill hafi, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, sent erindi til Skattsins um misfellur í framkvæmd laganna um almannaheillafélög. Bendir hann á að hætta sé á að gildi laganna sé rýrt með ófullnægjandi framkvæmd og með því komið í veg fyrir þann árangur af þeim sem vonast var eftir með lögunum. Bréf formanns sem sent var Skattinum í nóvember hefur verið birt á vefsíðu Almannaheilla.
3. Fundað hefur verið með Reykjavíkurborg um framkvæmd og fyrirkomulag Fundar fólksins árið 2023. Sameiginlegur skilningur er orðinn á málinu. Starfshópur Almannaheilla um Fund fólksins hefur fundað tvisvar frá síðasta fundi stjórnar. Formaður kynnti að samkvæmt könnuninni sem send var aðildarfélögum kysu flestir að Fundurinn yrði um miðjan september. Eftir umræður var samþykkt að Fundurinn verði dagana 15. – 16. september. Ásdís Eva tryggir aðstöðu í Norræna húsinu á þessum tíma. Hugað verður að annarri aðstöðu síðar.
4. Áfram hefur verið unnið að undirbúningi ráðstefnunnar og ennþá stefnt að því að halda hana í maí næstkomandi. Rætt um ýmis möguleg viðfangs- og umræðuefni á fundinum, án

formlegrar niðurstöðu.

5. Búið er að funda með ráðherra háskóla, iðnaðar- og nýsköpunarmála og ráðuneytisstjóra. Ekki liggur fyrir hvort, og þá hvernig, framhald verður á málaleitan Almannaheilla.
6. Um 30 þátttakendur taka þátt í bókhaldsnámskeiðinu sem nú stendur yfir. Formaður og Árni sögðu frá fundi með fulltrúum í HR (Opna háskólanum) um fræðslu/nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. Rætt var meðal annars hvernig hægt sé að gera slíka fræðslu og sem aðgengilegasta. Meðal hugmynda var að setja upp nám sem væri þáttaskipt, það er skipt í afmarkaðar einingar sem samt mynduðu eina heild. Niðurstaðan var að HR sendi Almannaheill hugmyndir að útfærslu sem tæki mið af þessu og ýmsum öðrum hugmyndum sem ræddar voru á fundinum.
7. Rætt um undirbúning aðalfundar Almannaheilla sem verður haldinn 8. júní næstkomandi í húsnæði Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð 8. Fulltrúar í uppstillingarnefnd fyrir síðasta aðalfund hafa samþykkt að taka verkefnið að sér aftur. Ingveldur mun kanna með fundarstjóra hjá ÖBÍ.
8. Tuttugu svör hafa borist við könnuninni sem send var til aðildarfélaga Almannaheilla. Enginn skilafrestur var gefinn á svörun, en samþykkt að biðja Eddu um að senda út áréttingu. Nokkrar niðurstöður úr því sem komið er eru:
 - 80% segjast frekar eða mjög ánægðir með starfsemi Almannaheilla.
 - 95% segjast frekar eða mjög ánægðir með vef Almannaheilla.
 - Flestir svarenda segja að það að hafa áhrif á setningu laga og reglna um þriðja geirann og standa fyrir málþingum og kynningu á starfsemi og gagnsemi frjálsra félagasamtaka skipti mestu máli fyrir þeirra samtök.
 - Flestir töldu markaðs- og kynningarmál, upplýsingamiðlun, samfélagsmiðla og nýsköpun helst eiga heima á fræðslufundum og málþingum Almannaheilla.
 - 50% svarenda segja félög sín hafa tileinkað sér og innleitt einhver af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og 30% að það sé í undirbúningi.

Nánar verður unnið úr þessum niðurstöðum síðar.
9. a. Formaður sagði frá fundi í Sjálfbærniráði.
b. Ekkert nýtt er í vinnslu varðandi Heimsmarkmiðin.
c. Meðal hugmynda sem fram komu í umræðum var að hægt væri að segja frá nýjum aðildarfélögum á vefsíðu Almannaheilla og gefa fulltrúum nýrra aðildarfélaga tækifæri á að ávarpa aðalfund. Einnig rætt um að æskilegt væri að blása á ný lífi í heimsóknir stjórnar til aðildarfélaga sem ánægja var með á sínum tíma. Í slíkum heimsóknum gefst aðildarfélögum tækifæri á að kynna sig og starfsemi sína og aðildarfélögum að kynnast betur Almannaheillum.

Fundi slitið kl. 11:10.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.